

Samningur um dreifingu lyfjakostnaðar vegna greiðsluerfiðleika

Áður en samningur þessi er gerður skal lyfsali fyrir hönd lyfjakaupanda sækja um greiðsludreifingu og greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga samanber reglugerð númer 313/2013. Lyfsala er heimilt að setja það skilyrði að sækja verði um dreifinguna og ganga frá samningi sem þessum á ákveðnum tíma, t.d. virka daga milli klukkan 9 og 12, svo og að sækja verði um greiðsludreifinguna með tilteknum fyrirvara, svo sem daginn fyrir fyrirhugaða móttöku lyfjanna, nema í bráðatilvikum.

1. Nafn lyfsala	2. Kennitala lyfsala
3. Nafn lyfjakaupanda	4. Kennitala lyfjakaupanda

9. Númer beiðni um greiðsluþátttöku vegna afhendingar
10. Heildarverð lyfja (kr.)
11. Heildarkostnaður kaupanda (kr.)
12. Greiðsla til lyfsala við afhendingu (kr.): Dagsetning Fjárhæð
13. Greiðsla/-ur til Sjúkratrygginga (kr.): <input type="checkbox"/> 30 daga greiðsla til Sjúkratrygginga Dagsetning Fjárhæð <input type="checkbox"/> 60 daga greiðsla til Sjúkratrygginga Dagsetning Fjárhæð

Yfirlýsing og staðfesting lyfjakaupanda

Undirritaður hefur óskað eftir greiðsludreifingu lyfjakostnaðar, sbr. framangreint, vegna lágra tekna eða óvænts kostnaðar við kaup á nauðsynlegum lyfjum. Undirritaður hefur kynnt sér almenna skilmála greiðsludreifingar skv. samningi þessum og staðfestir að framangreind kostnaðarskipting er í samræmi við óskir hans. Undirritaður skuldbindur sig til að haga greiðslum á tilgreindum gjalddögum í samræmi við framangreint. Jafnframt heimilar undirritaður Sjúkratryggingum að draga ofangreinda fjárhæð af greiðslum sem réttur kann að skapast til hjá stofnuninni, ef til vanskila kemur skv. samningi þessum.

Til staðfestingar yfirlýsingu og samningi þessum:

14. Dagsetning	15. Undirskrift lyfjakaupanda
----------------	-------------------------------

Staðfesting lyfsala / Sjúkratryggingar

Til staðfestingar samningi þessum fyrir hönd Sjúkratrygginga:

16. Dagsetning	17. Undirskrift lyfsala
----------------	-------------------------

Almennir skilmálar

- Skipting lyfjakostnaðar í tvær eða þrjár greiðslur samkvæmt samningi þessum er lyfjakaupanda að kostnaðarlausu.
- Á gildistíma samnings þessa er reiknuð greiðslustaða lyfjakaupanda í lyfjagreiðslugrunni Sjúkratrygginga miðuð við fullnaðargreiðslu á heildarkostnaði kaupandans.
- Samningur þessi fellur úr gildi um leið og lokagreiðsla skv. honum hefur verið innt af hendi.
- Ef lyfjakaupandi hefur ekki staðið skil á umsaminni greiðslu 10 dögum eftir eindaga jafngildir það riftun samningsins. Sjúkratryggingar leiðrétta þá þrepastöðu kaupandans til samræmis við raunkostnað hans, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 313/2013.
- Lyfjakaupandi á einungis rétt á aðild að samningi sem þessum í upphafi hvers greiðslutímabils (einu sinni á tólf mánaða tímabili) áður en heildarkostnaður hans hefur náð því marki sem veitir rétt á 85% greiðsluþátttöku sjúkratrygginganna.
- Ef gerður er viðbótarsamningur, samhliða samningi þessum, um frekari dreifingu lyfjakostnaðar skal heildargreiðsla skv. þessum samningi vera 27.000 kr., þ.e. samanlagðar fjárhæðir í reitum 12 og 13. Kostnaður kaupanda umfram 27.000 kr. skal þá færður í reit 10 á viðbótarsamningnum. Samanlagðar greiðslur skv. báðum samningunum skulu þannig ætíð samsvara tilgreindum heildarkostnaði kaupanda í reit 11.
- Lyfsali samþykkir samning þennan með undirskrift sinni á grundvelli sérstaks samkomulags við Sjúkratryggingar, svo og í samræmi við svar Sjúkratrygginga við beiðni um greiðsludreifingu og greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga vegna lyfjakaupa (sbr. skráð afhendingarnúmer beiðni í samningi þessum).